



Borgargötur

Endurhönnun á borgargötum
í þéttri byggð og við
hverfiskjarna

14.12.2018



Borgargötur

Efnisyfirlit

- Um borgargötur
- Yfirlit yfir skipulagsskilmála og leiðbeiningar
- Áherslur við endurhönnun
- Borgargötur í þéttri byggð og við hverfiskjarna
- Gátlisti



MYND 1
Miklabraut gerð að borgargötu. Aðstæður við Kringluna eftir breytingar.

Við borgargötur er iðandi mannlíf og fólk ferðast gangandi, hjólandi, í bílum og með almenningsamgöngum.

Í þessum leiðbeiningum eru útskýrðar skipulagsheimildir hverfisskipulags fyrir borgargötur og helstu áherslur við endurhönnun þeirra. Fjallað er um skilyrði sem tilgreind eru í skipulagsskilmálum, athygli er vakin á mikilvægum atriðum og því sem gott er að hafa í huga. Aftast er gátlisti og upplýsingar um hvernig eigi að sækja um og fá leyfi. Hér til hliðar er atriðaskrá og tenglar á leiðarvísi um leiðbeiningar hverfisskipulags, orðskýringar og svör við algengum spurningum.

Borgargötur?

- Göngu- og hjólavænt
- Líflégt
- Áhugavert umhverfi
- Góð dvalarsvæði
- Almenningsamgöngur
- Götugróður



Um borgargötur

Í aðalskipulagi Reykjavíkurborgar 2010–2030 eru notuð hugtökin aðalgata og borgargata um þær götur sem taldar eru lykilgötur í hverju hverfi. Á þessum hugtökum er þó skilgreindur munur; aðalgata tekur til starfsemi við götuna á meðan borgargata tekur til hönnunar og útlits götunnar. Í þessum leiðbeiningum er fyrst og fremst fjallað um borgargötur.



MYND 2

Við borgargötu er mannlíf.

Hlutverk lykilgatna í hverfum getur verið margþætt. Lykilgötur geta verið sögulega mikilvægar eða haft sterka ímynd fyrir hverfið. Þær geta einnig verið mikilvæg aðalsamgöngutenging við næstu hverfi eða sjónás í borgarlandslaginu. Hverfiskjarnar og stofnanir standa alla jafna við þessar götur. Í hverfisskipulagi vísar orðið borgargata til göturýmis þar sem hús, gata og opin rými mynda órofa heild. Við borgargötu er oft hverfistorg, eins konar stásstofa hverfisins.


En af hverju eru borgargötur í hverfunum? Svarið við því liggur í þróun skipulags á seinni hluta 20. aldar. Með tilkomu einkabílsins var í auknum mæli farið að skipuleggja og hanna götur til að koma bílum hratt og örugglega milli staða. Við það slitnaði samhengið sem áður hafði verið milli byggðar og götu og hafði verið mikilvægt í hönnun borgarumhverfis svo öldum skipti. Þetta samhengi er talið mikilvægur þáttur í að skapa falleg og mannvæn borgarrými þar sem íbúar vilja dvelja og líður vel.

Þegar talað er um í aðalskipulagi að hús, gata og opin rými skuli mynda órofa heild er átt við að undið sé ofan af þessari þróun 20. aldarinnar og hagsmunir annarra þátta en bílaumferðar fái aukið vægi. Því er lögð áhersla á að borgargötur séu hannaðar heildstætt með aðliggjandi byggð til að skapa aðlaðandi og mannvænt borgarumhverfi.



Götur sem skilgreindar eru sem borgargötur í aðalskipulagi eru mjög ólíkar og þjóna mismunandi hlutverkum í hverfunum. Skilgreining þeirra sem borgargötur festir hins vegar í sessi ákveðna framtíðarsýn um tilgang, mikilvægi og útfærslur slíkra gatna sem fjölbreytt almenningsrými.

Borgargötur skulu njóta forgangs þegar kemur að endurhönnun og fegrun. Við þær skal vera ýmiss konar verslun og þjónusta. Auk þess skal staðsetja aðra stoðþjónustu við þessar götur, s.s. grenndarstöðvar og raflaðslustöðvar. Einnig má hugsa sér að þar verði staðsettar stöðvar fyrir deilibíla og deilihjól. Alla jafna er gert ráð fyrir að hverfistorg og almenningsrými skuli hönnuð í tengslum við borgargötur, ekki síst við hverfis- og þjónustukjarna.



MYND 3
Borgargata og hverfistorg í miðbæ Árbæjar.

Yfirlit yfir skipulagsskilmála og leiðbeiningar

Í þessum kafla er fjallað stuttlega um skipulagsskilmála sem geta átt við um efni þessarar leiðbeiningar. Einnig er vísað í aðrar leiðbeiningar eftir því sem við á. Lesanda er bent á að kynna sér gildandi skipulagsskilmála sem er að finna í [samþykktu hverfisskipulagi](#) fyrir hverfið og á [Hverfisskipulag.is](#). Bent er á að skipulagsskilmálar hverfisskipulags eru flokkaðir í sjö áherslublætti, sjá fyrirsagnir fyrir neðan.



SAMFÉLAG

Starfsemi

Í [skilmálalið nr. 1](#) kemur fram hvaða starfsemi er heimilud í skilmálaeiningunni borgargata. Mjög oft eru grenndarstöðvar staðsettar við borgargötu. Einnig er heimilt að vera með starfsemi með tímabundið leyfi við borgargötuna, s.s. matarvagna, söluhús og hvílustæði. Heimild fyrir slíkri starfsemi er háð leyfisveitingu afnotadeildar og umsögn skipulagsfulltrúa og/eða skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

Fjallað er um almenningsrými í [skilmálalið nr. 5](#) en þau eru borgargata, hverfistorg og opin svæði. Þau skal útfæra þannig að þau séu í senn skjólsæl, sólrík og aðlaðandi og á þeim skal koma fyrir ofanvatnslausnum, sbr. skilmála og leiðbeiningar um það efni. Tryggja skal gott aðgengi um allt svæðið fyrir gangandi vegfarendur. Leggja þarf ríka áherslu á að aðlaga almenningsrými og tengja þau við önnur útivistarsvæði í hverfinu og næsta nágrenni. Fram kemur að lóðarhafar sem eiga lóðir sem liggja að skilmálaeiningunni borgargötu þurfa að laga frágang á sínum lóðum að henni. Gróðurval í almenningsrýmum skal styðja við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar um [líffræðilega fjölbreytni](#).

Heimilt er að endurhanna almenningsrými með bættri landslagshönnun, trjágróðri og götugögnum.

Fjallað er um hljóðvist í [skilmálalið nr. 6](#). Ef borgargatan er mikilvæg samgönguæð í hverfinu og uppspretta hávaðamengunar koma hér fram skilmálar um aðgerðir vegna hljóðvistarvandamála. Þær geta verið lækkun umferðarhraða eða aðrar aðgerðir.

Loftmengun er rædd í [skilmálalið nr. 7](#). Aðgerðir til að bregðast við henni eru yfirleitt útfærsla á gróðurbelti meðfram borgargötunni til að auka kolefnisbindingu og draga úr loftmengun.

Mikilvæg atriði

- Skoða þarf skilmála heildstætt.
- Lega borgargötu kemur fram á skipulagsuppdrætti.
- Tryggja skal gott aðgengi um allt svæðið fyrir gangandi vegfarendur.
- Gróðurval skal vera fjölbreytt.
- Innleiða þarf blágrænar ofanvatnslausnir.



MYND 4

Það eru lífsgæði að labba heim.





GÆÐI BYGGÐAR

Lóðarhafar sem eiga lóðir sem liggja að skilmálaeiningunni borgargötu þurfa að skoða skilmálalið nr. 21. Þar er að finna ákvæði um að þeim sé óheimilt að fara út fyrir lóðamörk með hvers kyns framkvæmdir og/eða nýtingu á borgarlandi í eigin þágu. Einnig er fjallað um garðveggi og girðingar á lóðamörkum og bent á ákvæði um að á lóðamörkum sem snúa að götu eða stíg megi ekki hefja sjónlínur með girðingum eða gróðri, sbr. leiðbeiningar um frágang lóða.

Í skilmálalið nr. 23 er farið yfir gróður á opnum svæðum innan skilmálaeiningarinnar. Þegar ráðist er í uppbyggingu eða breytingar á opnum svæðum skal sjá til þess að hlutfall gróðurs minnki ekki innan skilmálaeiningarinnar. Bent er á leiðir eins og að rækta nýjan gróður annars staðar og/eða að auka gegndræpi með blágrænum ofanvatnslausnum, sjá umfjöllun síðar. Gróðurval skal styðja við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar um líffræðilega fjölbreytni. Ef innan skilmálaeiningarinnar eru tré sem eru hærri en 8 metrar eða eldri en 60 ára þarf að sækja um leyfi til Reykjavíkurborgar áður en þau eru felld.

Heimilt er að koma útilistaverkum fyrir innan skilmálaeiningarinnar í samráði við embætti skipulagsfulltrúa.

Fjallað er um borgarbúskap í skilmálalið nr. 24 en heimilt er að sækja um heimild fyrir slíkri ræktun á borgarlandi, sbr. leiðbeiningar um borgarbúskap.

Ljósvist við borgargötur er lýst í skilmálalið nr. 25 og leiðbeiningum um ljósvist.




ORKA OG AUÐLINDIR

Við borgargötur eru oft staðsettar grenndarstöðvar og þá samkvæmt skilmálum um meðhöndlun úrgangs í skilmálalið nr. 27. Undir sama lið er einnig heimild um að afmarka megi svæði eða gerði við hlið grenndarstöðvar þar sem íbúar í hverfinu geti skipst á nytjahlutum eða byggingarefnum.

Fjallað er um rafhleðslustæði í skilmálalið nr. 28.

Ef innan skilmálaeiningarinnar eru veitumannvirki er því lýst í skilmálalið nr. 29. Þar koma fram kvaðir með tilvísunum í mæliblöð.



MYND 5

Akvegi breytt í borgargötu og torg.






VISTKERFI OG MINJAR

Við borgargötu verða blágrænar ofanvatnslausnir innleiddar. Heimildir fyrir þeim eru í skilmálalið nr. 30 og leiðbeiningum um blágrænar ofanvatnslausnir.

Ef innan skilmálaeiningarinnar er einhvers konar byggðavernd er fjallað um það í skilmálalið nr. 31. Fjallað er um fornleifar í skilmálalið nr. 32. Náttúrusérkenni eru síðan tilgreind í skilmálalið nr. 33.

Mikilvæg atriði

Innleiða þarf blágrænar ofanvatnslausnir.



MYND 6

Gata sem hefur verið breytt og blágrænar ofanvatnslausnir innleiddar í gróðurbeðum, gangstéttum og svæðum meðfram götu.





SAMGÖNGUR

Í skilmálalið nr. 34 er farið yfir hvað leggja beri áherslu á þegar borgargata og aðliggjandi göngu- og hjólastígar eru endurhannaðir.

Fjallað er um götur, stíga og gangstéttir í skilmálalið nr. 35. Lega gatna og stíga kemur fram á viðkomandi hverfisskipulagsupprætti. Áhersla er lögð á að við hönnun á nýjum samgöngumannvirkjum sé viðurkenndum leiðbeiningum fylgt, þar á meðal um algilda hönnun, og að tryggja verði að aðgengi milli borgarlands og lóða sé fullnægjandi fyrir alla einstaklinga óháð hreyfigetu.

Bílastæði eru rædd í skilmálalið nr. 36 og sameiginlegar bílageymslur í skilmálalið nr. 37. Hjólastæði fá síðan umfjöllun í skilmálalið nr. 38.

Mikilvæg atriði

- Fylgja þarf leiðbeiningum um algilda hönnun.
- Tryggja þarf aðgengi allra óháð hreyfigetu.



NÁTTÚRUVÁ

Ef náttúruvá er til staðar er fjallað um hana í skilmálalið nr. 39. Ef nota á opin svæði innan skilmálaeiningarinnar í aðgerðir til að binda jarðveg, tempra vind og auka skjól með trjágróðri kemur það fram í skilmálalið nr. 40.



MYND 7

Við borgargötu er iðandi mannlíf og auðvelt fyrir gangandi og hjólandi að ferðast.



Helstu áherslur við endurhönnun

Í hverfisskipulagi eru lagðar línur að því hvaða hlutar skilgreindra borgargatna skuli endurhannaðir. Á [hverfisskipulagsupprætti](#) í hverju hverfi eru þessi svæði sýnd. Gróflega má segja að innan íbúðabyggðar sé hægt að skipta borgargötum og/eða mismunandi hlutum þeirra upp í fjóra flokka:

- A. Gata í þéttri byggð
- B. Gata við hverfiskjarna
- C. Tengigata
- D. Íbúðagata

Hver borgargata getur fallið undir fleiri en einn af þessum flokkum eftir því um hvaða hluta hennar er rætt. Nálgunin getur því verið breytileg eftir mismunandi svæðum á sömu götu og ólíkum hverfum.

Áherslur við endurhönnun borgargatna skulu þó alltaf miða að því að:


- Fjölbreyttum ferðamátum sé gert hátt undir höfði og gangandi og hjólandi vegfarendur settir í forgang.
- Gatan sé áhugaverð, örugg og þægileg.
- Tengingar við aðra hverfishluta séu góðar.
- Við götuna séu torgsvæði og/eða óformlegir samkomustaðir/dvalarsvæði.
- Gatan hafi séreinkenni og sé lýsandi fyrir ímynd hverfisins.
- Gróður sé aukinn við götuna.

Endurhönnun á borgargötum í fyrstu tveimur flokkunum, a) í þéttri byggð og b) við hverfiskjarna, þarf að vanda sérstaklega. Eins og fram hefur komið eru þessi áherslusvæði sýnd á [hverfisskipulagsupprætti](#) fyrir viðkomandi hverfi. Hönnunin þarf að styðja við markmið um vistvæna byggð, aukið mannlíf og betri þjónustu í hverfunum.

Hér á eftir verður einkum fjallað um áherslur sem þarf að hafa í huga við endurhönnun á þessum svæðum.

Mikilvæg atriði

- Svæði sem á að endurhanna eru sýnd á skipulagsupprætti.
- Áhersla er á borgargötur í þéttri byggð og við hverfiskjarna.



MYND 8
Ferðamátar og kostnaður.



Borgargötur í þéttri byggð og við hverfiskjarna

Gata í þéttri byggð er gjarnan gata sem tengir hverfið saman, er oft leiðin inn og út úr hverfinu og á þátt í móta ímynd hverfisins. Við hana er til húsa margvísleg verslun og þjónusta í bland við íbúðabyggð auk þess sem aðrar stofnanir hverfisins, s.s. skólar og sundlaugar, tengjast götunni.

Í hverfisskipulagi eru lagðar línur að því hvaða hlutar skilgreindra borgargatna skuli endurhannaðir. Á hverfisskipulagsupprætti í hverju hverfi eru þessi svæði sýnd.



Við hverfiskjarna

Hverfiskjarnar eru afmörkuð svæði fyrir verslun og þjónustu innan hverfanna þar sem íbúðir geta verið á efri hæðum. Í aðalskipulagi eru skilgreindir hverfis- og borgarhlutakjarnar í öllum hverfum borgarinnar. Hverfiskjarnar gegna mikilvægu hlutverki í hverju hverfi. Þar á að vera líflegt borgarlíf og verslun og þjónusta í göngufæri fyrir íbúa.

Borgargötur við hverfiskjarna eiga að vera fjölnota rými milli bygginganna. Yfirborð götunnar skal hannað sem slíkt. Þegar götur eða hluti þeirra, hvort heldur er við hverfiskjarna eða í þéttri byggð, eru endurhannaðar sem borgargötur skal hönnunin sniðin að þörfum gangandi og hjólandi vegfarenda og hugað að aðgengi fyrir alla. Kantsteinar ættu að vera lægri en almennt gerist og öruggar gatnaþveranir með stuttu millibili.

Þar sem aðstæður leyfa við hverfiskjarna getur yfirbragð götunnar breyst í torg, þar sem mannlíf er og viðburðir eru haldnir á öllum árstímum. Gera þarf ráð fyrir nægum hjólastæðum og góðri aðstöðu fyrir notendur almenningsamgangna

MYND 9

Miklabraut gerð að borgargötu. Aðstæður við Klambratún eftir breytingar.




við borgargötur. Með slíkum áherslum er gangandi og hjólandi umferð sett í forgang.

Umferð

Mikilvægt er að svæði fyrir gangandi, hjólandi og akandi umferð séu skýrt afmörkuð í hellulögn og/eða yfirborðsefnum og að gangstéttir og hjólastígar hafi samræmt yfirbragð og útlit. Við borgargötu skulu hjólandi og gangandi ferðast á jafnsléttu yfir gatnamót. Tengingar við hliðargötur og innkeyrslur þurfa einnig að vera samræmdar og með sem minnstum hindrunum þannig að allir geti ferðast um óháð hreyfigetu.

Leyfilegur umferðarhraði ætti að hámarki að vera 40 km/klst og lægri þar sem aðstæður krefjast þess. Gera skal ráð fyrir að hjólað sé á eða við götu. Taka skal mið af Hönnunarleiðbeiningum fyrir reiðhjól, Leiðbeiningum um göngubúveranir og Hönnunarleiðbeiningum um biðstöðvar Strætó b.s.



MYND 10

Borgargata í Efra-Breiðholti eftir endurhönnun og breytingar.



Lifandi starfsemi


Framhliðar verslunar- og þjónustuhúsnaðis við borgargötur skulu fylgja stefnu um lifandi götuhliðar á jarðhæðum. Þetta þýðir að götuhliðar á þjónustustarfsemi eiga að vera opnar svo að vegfarendur sjái hvaða þjónusta er í boði og geti nálgast hana. Óheimilt er að hylja glugga með myndum eða öðru efni sem hindrar innsýn að þjónustustarfseminni.

Dvalarsvæði

Leggja skal áherslu á að hanna sólrík og skjólsæl svæði við borgargötur og hverfiskjarna. Þetta eiga að vera opin torg og dvalarsvæði sem geta orðið samkomustaðir í hverfunum og auðgað mannlífið. Vönduð lýsingarhönnun skal ýta undir öryggistilfinningu og leggja áherslu á torg og dvalarsvæði, sbr. skilmála og leiðbeiningar um ljósvist. Fjölga skal götutrjám og öðrum gróðri við borgargötur og innleiða ofanvatnslausnir, sbr. skilmála og leiðbeiningar um blágrænar ofanvatnslausnir.


Bílastæði við borgargötu

Ef bílastæði eru við borgargötu ættu þau að vera samsíða götu þeim megin sem minni sólar nýtur yfir daginn eða í bílageymslum eða bílastæðum á baklóðum, s.s. við skrifstofubyggingar og fjölbýlishús. Taka skal mið af bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar.



MYND 11

Lifandi götuhlið þar sem þjónustan er sýnleg og lífið á götunni blasir við úr búðinni.



MYND 12

Borgargata eftir endurhönnun og breytingar með bílastæðum meðfram götu, dvalarsvæðum og götugögnum.




Götugögn

Við endurhönnun göturýmis og götugagna eins og bekkja, ruslastampa, lampa, hjólastæða o.s.frv. ætti efnis- og litaval að endurspegla sem best umhverfið og styrkja staðaranda. Mikilvægt er að hönnunin skapi heildstæða mynd en hvert svæði fái um leið að njóta sinna sérkenna sem eru lýsandi fyrir ímynd hverfisins.

Við borgargötur skal að öllu jöfnu staðsetja götugögn á millisvæði/ götugagnasvæði, sem er svæði sem skilur að götu/hjólastíg og gangstétt eða uppi við húsvegg eða lóðamörk. Á götugagnasvæði/millisvæði eru einnig staðsettar blágrænar ofanvatnslausnir, ljósastaurar og götutré. Í sumum tilvikum geta nýjar byggingar við borgargötur styrkt mannlíf, yfirbragð og ímynd götunnar en hverfisskipulagið leggur línurnar varðandi heimildir til slíkrar uppbyggingar.

Gróður við borgargötur

Við endurhönnun borgargatna skal leitast við að setja niður nægan gróður og velja götutré við hæfi. Gott er að planta trjáum með 5 metra millibili í byrjun en grisja þau síðar meir. Gróður skal einnig tengjast dvalarsvæðum og torgum. Þar sem fella þarf tré vegna framkvæmda skal gróðursetja ný í stað felldra, sbr. skilmáalið nr. 23. Gæta skal sérstaklega að því að rótarvænt burðarlag sé notað undir stíga og götur þar sem ætlunin er að stærri götutré vaxi nærri eða þröngt er um annan gróður.



MYND 13

Tryggvagatan endurgerð: Millisvæði/ götugagnasvæði nýtt fyrir götugögn og blágrænar ofanvatnslausnir.



MYND 14

Við borgargötu er góð lýsing, bekkir og stampar og þar er öruggt að vera. Miklabraut sem borgargata við Stakkahlíð.



Gátlisti

A. Mikilvæg atriði

B. Gott að hafa í huga

	Til athugunar	Já / Nei	Sjá bls.:
1.	Er aðgengi fyrir alla?		
2.	Eru hjólastígar nægilega breiðir?		
3.	Eru gangstéttir að lágmarki 3 m breiðar?		
4.	Eru götutré með a.m.k. 5 m millibili við götuna?		
5.	Eru dvalarsvæði vel staðsett miðað við skjól og sól?		
6.	Eru næg hjólastæði?		
7.	Eru blágrænar ofanvatnslausnir við götu?		
8.	Eru bílastæði samsíða götu og við skuggahlíð?		
9.	Flæða gangstéttir og hjólastígar á jafnsléttu yfir gatnamót?		
10.	Eru þjónustuhliðar bygginga opnar í átt að vegfarendum?		
11.	Hafa ný tré verið gróðursett í stað felldra trjáa?		





Heimildir

NACTO. (2018). Urban Street Design Guide. National Association of City Transportation Officials. New York. Sótt 29. september 2018 af <https://nacto.org/publication/urban-street-design-guide/>

NACTO. (2012). The open street guide, volume 1, February 2012. Alliance for biking & walking. Sótt 29. september 2018 af https://nacto.org/docs/usdg/smaller_open_streets_guide_final_print_alliance_biking_walking.pdf

Reykjavíkurborg. (í kynningu 2018). *Hverfiskipulag Reykjavíkur. Ártúnsholt, Árbær og Selás*. Reykjavík: Reykjavíkurborg, umhverfis- og skipulagssvið.

Reykjavíkurborg. (2014). *Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030*. Reykjavík: Crymogea: Reykjavíkurborg, umhverfis- og skipulagssvið.

Vilborg Þórisdóttir. (2017). *Borgargata - hlutverk og flokkun*. [BS ritgerð 2017, Auðlinda- og umhverfisdeild LBHÍ]. Landbúnaðarháskóli Íslands: Borgarbyggð. Sótt 29. september 2018 af <http://hdl.handle.net/1946/28008>

VSÓ ráðgjöf (2014). *Samrými – reynsla og þekking*. Sótt 29. september 2018 af [http://www.vegagerdin.is/Vefur2.nsf/Files/Samrymi-Reynsla_og_thekking/\\$file/Samr%C3%BDmi-Reynsla_og_%C3%BEekking.pdf](http://www.vegagerdin.is/Vefur2.nsf/Files/Samrymi-Reynsla_og_thekking/$file/Samr%C3%BDmi-Reynsla_og_%C3%BEekking.pdf).



Útgefandi

REYKJAVÍKURBORG

Umhverfis- og skipulagssvið
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Ábyrgð, umsjón og ráðgjöf

SKIPULAGSFULLTRÚI REYKJAVÍKUR

Björn Axelsson *skipulagsfulltrúi*

RITSTJÓRN

Ævar Harðarson *verkefnisstjóri hverfisskipulags, ritstjóri*

Guðlaug Erna Jónsdóttir *verkefnisstjóri*

Jón Kjartan Ágústsson *verkefnisstjóri*

Ólafur Ingibergsson *sérfræðingur*

Dagný Harðardóttir *verkefnisstjóri*

HÖFUNDUR LEIÐBEININGATEXTA

Edda Ívarsdóttir, DLD – Dagný Land Design ehf. og ritstjórn

HÖFUNDUR SKÝRINGARMYNDAR

DLD – Dagný Land Design ehf.

Tvíhorf arkitektar

Pétur Stefánsson *teiknari*

UMBROT, GRAFÍSK VINNSLA OG MYNDIR

Ox Collective *grafísk hönnun*

Rán Flygenring *myndskreytingar*

Bragi Þór Jósepsson *ljósmyndari*

Sandra Rún Sigurðardóttir *umbrot*



